

Föstudaginn 29. nóvember 1996.

Nr. 425/1996.

Protabú Jóns Egils Unndórssonar

(Ragnar Hall hrl.)

gegn

Litlabæ ehf.

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Málskostnaðartrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 19. nóvember 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 21. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. nóvember 1996, þar sem sóknaraðili er gert að leggja fram tryggingu, að fjárhæð 400.000 krónur, vegna málskostnaðar í máli hans á hendur varnaraðila. Kæruheimild er í o-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að kröfu um málskostnaðartryggingu verði hafnað og varnaraðili gert að greiða kærumálskostnað. Til vara gerir sóknaraðili kröfu um, að fjárhæð málskostnaðartryggingar verði lækkuð verulega frá því, sem ákveðið var í hinum kærða úrskurði, og kærumálskostnaður látinn niður falla.

Varnaraðili krefst þess, að sóknaraðili verði gert að leggja fram málskostnaðartryggingu og fjárhæðin verði ákveðin að mati Hæstaréttar, en til verulegrar hækkunar frá því, sem ákveðið var í hinum kærða úrskurði. Til vara er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Varnaraðili hefur ekki kært úrskurð héraðsdóms fyrir sitt leyti. Þegar af þeirri ástæðu kemur ekki til álita að hækka fjárhæð þeirrar tryggingar, sem ákveðin var með hinum kærða úrskurði.

Sóknaraðili höfðaði mál þetta á hendur varnaraðila til riftunar á ráðstöfun þrotamanns og byggir meðal annars á því, að sú ráðstöfun hafi leitt til ógjaldfærni hans. Í málinu nýtur ekki upplýsinga um eignir sóknaraðila. Verður því fallist á það með héraðsdómi, að fullnægt sé skilyrðum 1. mgr. b-liðar 133. gr. laga nr. 91/1991, til að sóknaraðili verði gert að leggja fram málskostnaðartryggingu, og

þykir hún hæfilega ákveðin 200.000 krónur. Skal hún sett með peningum eða bankaábyrgð og héraðsdómara afhent skilríki fyrir tryggingunni innan tveggja vikna frá uppsögu dóms þessa.

Rétt er, að hvor aðili beri sinn kostnað af kærumáli þessu.

D ó m s o r ð:

Sóknaraðila, þrotabúi Jóns Egils Unndórssonar, er skylt að setja málskostnaðartryggingu, að fjárhæð 200.000 krónur. Ber að setja trygginguna með peningum eða bankaábyrgð innan tveggja vikna frá uppsögu dóms þessa.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. nóvember 1996.

Mál þetta var þingfest 29. október sl., og gerði stefndi, Litlibær ehf., þá kröfu um málskostnaðartryggingu úr hendi stefnanda með vísan til b-liðar 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991, en stefnandi mótmælti kröfunni.

Málið var tekið fyrir 5. nóvember sl., og var lögmönnum aðila þá gefinn kostur á að rökstyðja kröfur sínar og mótmæli. Af hálfu stefnda var krafan um málskostnaðartryggingu ítrekuð með vísan til b-liðar 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 með hliðsjón af því, að í stefnu kæmi fram, að þrotabúið væri eignalaust.

Af hálfu stefnanda voru mótmæli gegn kröfu stefnda ítrekuð og lögð fram sérstök bókun. Í henni vísar stefnandi til þess, að ákvæði 133. gr. laga nr. 91/1991 sé undantekningarákvæði frá þeirri meginreglu, að aðilar þurfi ekki að setja slíka tryggingu. Við úrlausn þessa álítaefnis verði að líta til þess, um hvað deilt sé í málinu. Mál þetta varði riftunarkröfu þrotabús á hendur félagi, sem þrotamaður reki; eiginkona hans sé stjórnarformaður og aðalhluthafi. Gögn málsins beri með sér, að þrotamaður hafi afsalað félagi þessu verðmætri fasteign án endurgjalds og við þá ráðstöfun orðið ógjaldfær. Þá er vísað til athugasemda með 133. gr. framangreindra laga í greinargerð, þar sem ljóst sé, að meginsjónarmiðið við beitingu hennar sé að veita vernd fyrir tilefnislausum eða tilefnislitlum málshöfðunum ógjaldfærra aðila, en þetta eigi alls ekki við í þessu máli.

Samkvæmt athugasemdum um 133. gr. laga nr. 91/1991 eru sett tvenns konar skilyrði fyrir því, að stefndi geti krafist þess, að stefnandi leggi fram málskostnaðartryggingu, annars vegar, ef stefnandi er búsettur erlendis og menn búsettir hér á landi yrðu ekki undanþegnir því að setja sams konar tryggingu í ættlandi hans, hins vegar og það, sem krafa stefnda byggist á, ef stefndi leiðir líkur að því, að stefnandi sé ófær um að greiða málskostnað.

Þótt ekki verði talið, að málsókn stefnanda sé tilefnislaus eða tilgangslítill, verður að líta til þess, að engar upplýsingar hafa komið fram í málinu umfram það, sem lesa má í fram lagðri stefnu og bókun um hag stefnanda. Þar kemur fram, að með ráðstöfun sinni á tilgreindri landspildu hafi þrotamaður orðið ógjaldfær, og er því um að ræða skilyrði samkvæmt b-lið 133. gr. laga nr. 91/1991. Ekki verður talið, að tengsl málsaðila ráði hér úrslitum, og verður því að fallast á kröfu stefnda um málskostnaðartryggingu úr hendi stefnanda með framangreindri lagatilvísun. Þykir tryggingarfjárhæð hæfilega ákveðin 400.000 kr. Ber stefnanda að leggja trygginguna fram í formi bankaábyrgðar eða bankabókar í síðasta lagi föstudaginn 22. nóvember 1996.

Arnfríður Einarsdóttir dómarafulltrúi kveður upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Stefnanda, þrotabúi Jóns Egils Unndórssonar, er skylt að setja tryggingu, að fjárhæð 400.000 kr., fyrir greiðslu málskostnaðar í máli hans gegn Litlabæ ehf., sem þingfest var 29. október 1996. Ber stefnanda að leggja fram tryggingu í formi bankaábyrgðar eða bankabókar í síðasta lagi föstudaginn 22. nóvember 1996.